

Öll jöfn – öll ólík

„Allar manneskjur eru jafn mikils virði og hver hefur sín sérkenni.
Jöfnuð og fjölbreytileika ber að virða.“*

MÁLEFNI



MISMUNUN



ALMENN MANNRÉTTINDI



HNATTVÆÐING

ÞYNGDARSTIG

STIG 4
STIG 3
STIG 2
STIG 1

STIG 2

HÓPSTÆRÐ



6–60

TÍMI



40 MÍNÚTUR

Málefni	Mismunun og útlendingahatur, almenn mannréttindi, hnattvæðing
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	6–60
Tími	40 mínútur
Yfirlit	Þetta er eins konar spurningakeppni – nógu stutt og krefjandi til að vera áhugaverð út af fyrir sig en einnig grundvöllur líflegrar hópumræðu!
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Jöfn virðing. • Réttindi og frelsi án greinarmunar af neinu tagi, svo sem vegna kynþáttar, hörundslitar, trúarbragða o.s.frv. • Réttur til ríkisfangs.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að fjalla um algildi mannréttinda. • Að láta þátttakendur gera sér grein fyrir þjóðhverfu og fordómum sínum og annarra. • Að þróa hæfni til að skoða upplýsingar með gagnrýnum huga og á eigin forsendum.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Dreifiblað. • Stórt pappírslað (A3) eða flettistöflupappír og merkipennar (valfrjálst).
Undirbúningur	Ljósritaðu dreifiblaðið, eitt eintak á mann. Einnig má skrifa það á töflu eða nota myndvarpa (gættu þess að allir sjái það).

Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að verkefnið sé eins konar spurningakeppni, en að tilgangurinn sé ekki að komast að því hverjir svari rétt og hverjir rangt, hún sé aðeins útgangspunktur.
2. Dreifðu tilvitnanablaðinu eða varpaðu því á vegg. Gefðu þátttakendum fimm mínútur til að lesa það.
3. Segðu þeim síðan að ákveða hverjum fyrir sig:
 - a) hvaðan fyrri textinn er; úr hvaða bók eða skjali hann er tekinn,
 - b) frá hvaða landi/svæði í heiminum höfundur seinni textans er.
4. Þegar þátttakendur eru tilbúnir skaltu biðja þá að skipta sér í þriggja manna hópa. Gefðu þeim 20 mínútur til að ræða svarmöguleikana sem þeir völdu og velta þeim fyrir sér. Þeir ættu að hafa eftirfarandi spurningar í huga og reyna, ef þeir geta, að koma sér saman um svar:
 - Hvers vegna völdu þeir eitt svar frekar en önnur?
 - Hvað segja textarnir um höfundana?
 - Hvað fannst þeim um textana?
5. Þegar hóparnir hafa lokið vinnu sinni koma allir saman og farið er hringinn til að fá

svör við spurningu a) frá hverjum hópi. Láttu hópana útskýra hvað það var sem réð vali þeirra. Fáðu síðan með sama hætti svörin við spurningu b).

6. Upplýstu um höfundinn, Said al-Andalusi frá Spáni, og haltu svo áfram með samantekt og mat.

Samantekt og mat

Byrjaðu á stuttri samantekt um verkefnið. Þegar þér finnst hópurinn vera tilbúinn skaltu halda áfram og snúa þér að fordómum og þjóðhverfu. Varpaðu fram eftirfarandi spurningum (annaðhvort yfir allan hópinn eða smærri hópa ef þarf):

- Voru þátttakendur hissa á niðurstöðunni?
- Hvernig völdu þeir svör sín upphaflega? Voru þau byggð á ágiskun? Eðlisávisun? Eða raunverulegri þekkingu?
- Skiptu þátttakendur um skoðun þegar farið var að ræða svörin í litlu hópnum? Hvað varð til þess að þeir skiptu um skoðun? Þrýstingur hinna? Góður rökstuðningur?
- Hvernig rökstuddu menn val sitt í umræðunum í litlu hópnum? Voru þeir hikandi eða vissir í sinni sök?
- Hvers vegna lýsti höfundurinn fólki úr Norðrinu eins og hann gerði?
- Að hvaða marki er sjónarhorn höfundarins afleiðing af þjóðhverfum hugsunarhætti hans og fordómum? Eða er rétt að segja að á þessum tíma hafi menning Norður-Evrópu ekki verið eins „fáguð“ og menning höfundarins?
- Geta þátttakendur rifjað upp dæmi þess að hafa heyrt eða lesið svipaða umfjöllun um annað fólk? Hvernig tilfinning væri það að vera álitinn óæðri öðru fólki?
- Hvaða afleiðingar getur það haft þegar fólk er ekki metið að verðleikum? Muna þátttakendur dæmi úr mannkynssögunni? Og úr nútímanum?
- Hvað ættum við að gera til að sporna gegn áhrifum fordóma? Verður eitthvert fólk eða samfélagshópar í næsta nágrenni eða í landi þátttakenda einnig fyrir fordómum? Hverjir eru það?

Ábendingar til leiðbeinanda

Textarnir voru teknir úr bók eftir frægan lærdómsmann frá Cordoba í Andalúsíu (sem nú tilheyrir Spáni) sem fæddur var 1029 e.Kr. / 420 að tímatali múslíma. Said al-Andalusi var rómaður fyrir vísdom sinn og þekkingu. Fyrir honum voru menning og vísindi nátengd því að kunna Kóraninn. Hann var ekki aðeins vel að sér í trúnni heldur var hann einnig frábærlega vel að sér í arabískum bókmenntum, læknisfræði, stærðfræði, stjörnufræði og öðrum vísindum.

Það skal haft í huga að á þessum tíma voru löndin á Miðjarðarhafssvæðinu, og einkum arabísku konungsríkin þar í kring, talin vagga „siðmenningarinnar“. Þekking var ekki næstum því eins þróuð í „Norðrinu“, eins og Said kallar Norður-Evrópu, og hún var í Arabaheiminum, Persíu, Kína og á Indlandi.

Leiðbeinandinn getur þurft að leiðbeina þátttakendum um það hvernig hægt er að skoða texta á gagnrýnan hátt. Þetta fer þó eftir því hvernig hópurinn er. Til dæmis gæti þurft að benda þeim á að seinni textinn segir í rauninni heilmikið um höfundinn, útlit hans og menningu; til dæmis að hann hafi verið hrokkinhærður og dökkur á hörund. Gagnrýnninn lestur felst ekki bara í því að skilja innihald textans heldur líka að íhuga samhengið, hver höfundurinn er og hvers vegna

Lykildagsetning**21. júní**

Alþjóðadagur friðar og bænahalds

hann skrifar eins og hann gerir. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessu til að skilja hvernig lesa á allan texta (sagnfræði, fréttir, ljóð o.s.frv.) og skilja þau lífsgildi sem hann boðar.

Ein leið til að vekja athygli á þjóðhverfu er að benda þátttakendum á að höfundurinn – sem er vanur fólki með dökkt hörund og hrokkið hár – gefur mjög góða skilgreiningu á því sem hann álitur andstæðu þess sem er „eðlilegt“. Einnig er mikilvægt að leiðbeinandinn fái þátttakendur til að skilja, meðan umræðan fer fram, að menningarmunur gerir fólk ekki „betra“ eða „verra“ en aðra. Benda ætti á að erfitt er að dæma aðra án fordóma því að við göngum út frá því að okkar eigin menningarviðmið séu ráðandi. Mikilvægt er að geta viðurkennt þetta – þ.e. eigin þjóðhverfu – til að geta áttað sig á þjóðhverfu annarra og átt farsæl samskipti við aðra menningarhópa.

Gera ætti ráð fyrir viðbótartíma í lok verkefnisins svo að hægt sé að ræða nánar vandmálin og hugmyndirnar sem bar á góma. Til dæmis mætti láta hópinn kanna eða ræða sögukennslu og hversu mikið (eða lítið) við í Evrópu lærum í raun um aðra menningarheima.

Athugið: tilvitnanirnar eru teknar úr „Book of the Categories of Nations - Science in the Medieval World“ eftir Said al-Andalusi, í enskri þýðingu Sema'an I. Salem og Alok Kumar, University of Texas Press, Austin, 1991.

Tillögur um framhald

Ef vinna á áfram með hugmyndir um algildi mannréttinda er hægt að nota verkefnið „Sýndu það!“, á bls. 235, þar sem reynir á sköpunargáfu og leikræna tjáningu.

EFNI TIL DREIFINGAR**Öll jöfn – öll ólík, spurningakeppni**

1. Hvaðan er eftirfarandi texti? Úr hvaða bók eða skjali er tilvitnunin tekin?

„Allt fólk á jörðinni, frá austri til vesturs, úr norðri og úr suðri, er einn hópur; þrjú atriði greina (það) að: hegðun, útlit og tungumál.“

Veldu eitt af eftirfarandi svörum:

- Yfirlýsingu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um kynþáttafordóma 1958. Herodotus „Mannkynssaga“, 440 f.Kr. Vedabókunum, Indlandi um 1000 f.Kr. Skýrslu æskuherferðarinnar „Öll ólík - öll jöfn“, Evrópuráðið, 1996. Said Al-Andalusi, 1029 e.Kr. / 420 að tímatali múslíma. Engu af þessu.

2. Frá hvaða landi/svæði í heiminum er höfundur þessa texta?

„Þeir sem eiga heima lengst í Norðri (í Evrópu...) hafa liðið fyrir það að vera of langt frá sólinni. Loft þeirra er kalt og himinninn hulinn skýjum. Þess vegna er skaplyndi þeirra kalt og hegðun þeirra gróf. Af því leiðir að líkami þeirra hefur orðið risastór, lit-arhátturinn orðið hvítur og hárið lafir niður. Skynsemi þeirra hefur dofnað og skilningurinn sljógast. Fáviska og leti hefur yfirbugað þá og þreyta og heimaska heltekið þá.“

Veldu eitt af eftirfarandi svörum:

- Kína Evrópu Indlandi Afríku Persíu Engu þessara landa

* 1. grein Yfirlýsingarinnar um réttindi og skyldur manna samkvæmt tillögu ungmenna. Yfirlýsinguna sömdu 500 ungmenni af 80 mismunandi þjóðernum í Evrópuhöllinni í Strassborg að frumkvæði Les Humains Associés og Association for the Declaration of 26 August 1989 (AD 89). www.humains-associés.org